



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Námskeið	Tómstundaframboð - haust 2025 - Lýsing á námskeiði	Kostnaður	Tími
Valur	Rútuferðir eru frá Ísaksskóla í Valsheimilið. Skráningar fara fram hjá Val. Foreldrar sækja börn sín eftir æfingar í Valsheimilið.	Greiðist hjá Val	2-3 x í viku
Æskusirkusinn	Börnin fá tækifæri til að læra hinar ýmsu sirkuskunstir s.s. trúðamennsku, gripl (juggling), loftfímleika o.fl. Ath. 15 börn að hámarki í hópi. Kl 14:10-15:00. Hefst 17. september, skráning inni á https://www.sportabler.com/shop/sirkus	18.000,-	Miðvikudagur
Barnakór	Barnakór Ísaksskóla samanstendur af eldri kór (8 og 9 ára nemendum) og yngri kór (7 ára nemendum). Eldri kór æfir á þriðjudögum kl. 14:15-15:00 og yngri kór æfir á miðvikudögum kl. 14:15-14:50. Skráningar fara fram hjá Vigdís tónmenntakennara og kórstjóra á netfangið vigdis@isaksskoli.is . Hefst 9. september.	Enginn	Þriðjudagur og miðvikudagur
Jóga	Í krakkajóga er gaman. Kennndar eru ýmsar jógastöður og æfingar sem styrkja jafnvægi, einbeitingu og samhæfingu. Við lærum líka einfaldar öndunaræfingar og stuttar hugleiðslur. Syngjum möntrur með hreyfingum og förum í leiki. Allir tímar enda á slökun. 8 skipti. Hópur 1 14:15-15:00. Hópur 2 15:15-16:00. Hefst 24. september. Jógakennari: Herdís Þórsteinsdóttir – skráning: herdis@isaksskoli.is	22.000,-	Miðvikudagur
Táknmál	Þegar við tölum táknmál þá notum við hendur til að tjá okkur og augu til að nema. Á haustönninni ætlum við að læra ýmis tákn fyrir dyr, ávexti, tölur, daga og mánuði. Á hrekkjavökunni lærum við alls konar hrekkjavökutákn eins og eitur, bein og varúlfur! Einnig munum við læra að syngja jólalög á táknmáli og læra tákn allra jólasveinanna. Hefst 18. september. Táknmálakennari: Dagný Blöndal - skráning: dagny@isaksskoli.is	20.000	Fimmtudagur
Kínverska	Kennari er Yabei. Kennslan byggist á leik, söng og kennslubókum á íslensku sem eru litríkar og skemmtilegar. Yngri hópur, 10 í hópi, eru frá kl 14:10-14:50. Eldri hópur, 10 í hópi, frá 15:00-15:40. Hefst 15. september. Skráning: helga@isaksskoli.is	Enginn	Mánudagur
Forritun	Nýttu sköpunargáfunu og framkvæmdu hugmyndir þínar í spennandi forritunarsmiðju. Við ætlum að prófa og læra á ýmis konar forritunartæki og -leiki. Við ætlum að byrja á einföldum leikjum og tækjum og þróa okkur síðan áfram í forritun sem endar á Scratch. Scratch er byrjendaforrit fyrir forritun. Hægt er til t.d. að hanna eigin tölvuleiki með Scratch með byrjendavænu og sjónrænu forritunarmáli. Kennari leiðir þig skref fyrir skref í gegnum ferlið, kennir þér hvernig á að hanna persónur, forrita þær og bæta við spennandi hlutum. Námskeiðið hentar öllum nemendum. 6 skipti kl 14:10 - 15:00. Skráning: kolbrun@isaksskoli.is	12.000,-	Þriðjudagur
Mudo Taekwondo	Kennari er Sigursteinn Snorrason 7. dan. Æfingarnar samanstanda af uppbyggilegum æfingum í bland við leiki. Mikil áhersla er á almenna fimi, styrk og liðleika. Einkunnarorð Mudo eru: sjálfstraust, sjálfsagi, sjálfsvörn - við búum til sterkari börn. 10 tímar, hefst 16. september. Yngri hópur 6-7 ára kl: 14:00-14:40. Eldri hópur 8-9 ára kl: 14:40-15:20. Skráning: sigursteinn@taekwondo.is	27.900,-	Mánudagur
Leynileikhúsið	Leynileikhúsið verður með leiklistarnámskeið sem hefst 19. september. Kennslan fer fram í 10 skipti í skólanum, þar sem leikgleðin er í fyrirrúmi. Í lok námskeiðsins setja hóparnir upp eigið leikrit í leikhúsi. Eldri hópur 8-9 ára eru frá kl. 14:10–15:10 og yngri hópur 6-7 ára eru frá kl. 15:10–16:10. Skráning: leynileik@gmail.com .	40.000,-	Föstudagur